

Sjúkra- og slysatrygging er samsett trygging sem greiðir bætur vegna afleiðinga sjúkdóma og slysa. Valkvæðir bótaþættir eru dagpeningar vegna tímabundinnar óvinnufærni og örorkubætur vegna varanlegrar færnissherðingar auk dánarbóta vegna slysa.

Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI SJÚKRATRYGGING	1
2. KAFLI SLYSATRYGGING	2
3. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI	3

## 1. KAFLI SJÚKRATRYGGING

### 1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna starfsorkumissis af völdum sjúkdóms er váttryggður verður fyrir á annan hátt en við slys. Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar. Bætur fyrir tímabil þegar um einangrun í sóttkví er að ræða á heimili eða á sjúkrahúsi að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda greiðast á sama hátt og við sjúkdóma.

### 3. gr. Bætur vegna tímabundins missis starfsorku

Verði váttryggður óvinnufær af völdum sjúkdóms greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru við upphaf sjúkratímabilsins. Dagpeningar eru greiddir eftir að biðtíma lýkur þar til váttryggður verður vinnufær að nýju eða við lok bótatíma þó ekki fyrir tímabil að loknum fimm árum frá upphafi sjúkratímabils. Biðtími reiknast frá þeim tíma sem óvinnufærni váttryggðs telst vera 50% eða meiri og greiðast dagpeningar eftir það í hlutfalli við starfsorkumissinn. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Engir dagpeningar greiðast ef óvinnufærni er metin minni en 50%.

Þrátt fyrir endurnýjun váttryggingarinnar greiðast bætur fyrir sama sjúkdóm eða læknisfræðilega tengda sjúkdóma samanlagt aldrei lengur en í þann bótatíma sem kemur fram í váttryggingarskírteini. Þegar lengra en 12 mánuðir líða á milli bótaskyldra óvinnufærnitímabila hefjast bótagreiðslur fyrst að liðnum nýjum biðtíma. Sé tíminn skemmri reiknast ekki nýr biðtími. Nýr biðtími reiknast að fullu ef um ótengda sjúkdóma er að ræða. Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

### 4. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku

Valdi sjúkdómur váttryggðum varanlegri örorku greiðast bætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við metna örorku en engar bætur greiðast ef örorka er metin lægri en 25%.

Örorku skal meta í hundradshlutum og skal beitt læknisfræðilegu mati. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu. Við mat á örorku skal beita hlutfallsreglu þegar við á. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi fyrr en þegar greiðslum dagpeninga lýkur með hliðsjón af ástandi váttryggða þá. Telji váttryggði eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá upphafi seinasta sjúkratímabils. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand váttryggða kunni að breytast skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi einu ári eftir að greiðslu dagpeninga lýkur. Ef líkur eru til að ástand hins váttryggða megi bæta með læknismeðferð, þjálfun og eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vilji váttryggði eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin

kostnað innan 6 mánuða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá upphafi sjúkratímabils.

Ef váttryggði deyr áður en örorkumat fer fram skal örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra gagna og greiða bætur í samræmi við það. Beri andlát að innan árs frá upphafi sjúkratímabils greiðast engar örorkubætur.

### 5. gr. Undanþágur

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.
- Sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á tímabili þegar váttryggingin var úr gildi nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn þegar váttryggingin tók gildi að nýju. Sama gildir um versnandi heilsufarsástæður sem rekja má til þess tímabils er váttryggingin var úr gildi.
- Sjúkdóms sem orsakast hefur af notkun áfengis, deyfi- og eiturlyfja.
- Starfsorkumissis sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla. Í slíkum tilfellum er biðtími eigi skemmri en einn mánuður
- Sjúkdóms eða annarra afleiðinga ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema framangreint sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Sjúkdóms sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.
- Sjúkdóms vegna eittraðra lofttegunda.

## 2. KAFLI SLYSATRYGGING

### 6. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 7. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna slyss sem váttryggði verður fyrir. Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggða og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggða og gerist án vilja hans.

### 8. gr. Bætur vegna tímabundins missis starfsorku

Verði váttryggður óvinnufær af völdum slyss greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdagi. Dagpeningar eru greiddir eftir að biðtíma lýkur þar til váttryggður verður vinnufær að nýju eða við lok bótatíma, þó ekki fyrir tímabil að loknum fimm árum frá slysdagi. Biðtími reiknast frá upphafi óvinnufærni og greiðast dagpeningar eftir það í hlutfalli við starfsorkumissinn. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

### 9. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku

Valdi slys váttryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá slysdagi greiðast bætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdagi. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við metna örorku.

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Við mat á örorku skal beitt hlutfallsreglu þegar við á. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Missir eða bækluun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækluunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluuninni fyrir slysið. Örorkubætur eru ekki greiddar vegna slysa sem eingöngu valda lýti eða vegna tannbrota.

Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári frá slysdegi og eigi fyrir en þegar greiðslum dagpeninga lýkur með hliðsjón af ástandi váttryggða þá. Telji váttryggði eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand váttryggða kunnri að breytast skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir að slysið varð. Ef líkur eru til að ástand hins váttryggða megi bæta með lækni meðferð, þjálfun og eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vilji váttryggði eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánuða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdegi.

Ef váttryggði deyr áður en örorkumat fer fram skal örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra gagna og greiða bætur í samræmi við það. Beri andlát að innan árs frá slysdegi greiðast engar örorkubætur.

#### 10. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðist réttihafa bóta váttryggingarfjárhæð sú sem var í gildi á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr.

#### 11. gr. Bætur vegna tannbrots

Váttryggingin greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af örorkuváttryggingarfjárhæðinni vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 7,5% af sömu fjárhæð. Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar. Félagið bætir ekki heldur brot á tönnum sem ber að höndum þegar váttryggður matast.

#### 12. gr. Undanþágur

Váttryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- Slyss sem váttryggður verður fyrir í handalögmaðlum við þátttöku eða refsiverðum verknaði nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss sem rekja má til neyslu áfengis, deyfif- eða eiturylfja nema að sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss eða annarra afleiðinga ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema framangreint sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Slyss sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.

Undanþágur sem váttryggja má sérstaklega:

- Slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- Slys sem verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Slys sem verða í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

Undanþágur vegna sjúkdóma o.fl:

Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð hreyfihömlun, flogaveiki, krampa, slag, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Þá bætir félagið ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrabiti eða stungu. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að váttryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til. Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-kloss, þursabits (lumago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma. Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs, eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.

### 3. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

#### 13. gr. Aldurstakmörk

Vátryggingin fellur úr gildi í lok þess vátryggingarárs er vátryggður nær 66 ára aldri nema öðruvísi sé ákveðið í vátryggingarskírteininu. Félagið vátryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

#### 14. gr. Áhættubreyting

Vátryggða ber að tilkynna félaginu um allar breytingar á starfi hans eða öðrum atriðum sem fram koma í vátryggingarbeiðni og varða áhættu félagsins svo það geti dæmt um hvort vátryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum.

Ef vátryggður dvelst erlendis í meira en hálf ári í senn ber honum að tilkynna félaginu um það og er félaginu þá heimilt að segja vátryggingunni upp fyrirvaralaust gegn því að endurgreiða iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

#### 15. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bótafjárhæðir örorkubóta, dánarbóta og bóta vegna tímabundins missis starfsorku reiknast á grundvelli gildandi vátryggingarfjárhæðar á slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils en breytast með vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá slysdegi til uppgjörsdags.

**Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019**